

Matorka ehf Grindavík

VÖKTUNARÁÆTLUN




MATORKA HOLDINGS AG | MATORKA EHF
HLÍÐARSMÁRI 6, 201 KÓPAVOGUR, ICELAND
www.matorka.is

Janúar 2016

Alemennt:

Matorka ehf er með í undirbúningi byggingu á 3.000 tonna fiskeldisstöð. Fiskeldisstöðin verður landeldisstöð með nýjustu tækni og hönnun slíkrar stöðvar. Nú þegar hefur Matorka starfsleyfi fyrir 3.000 tonna framleiðslu gefið út af Umhverfisstofnun, leyfi fyrir 2.000 l/s uppdælingu á sjóblönduðu vatni gefið út af Orkustofnun, samþykkt deiliskipulag gefið út af Grindavíkurbæ og rekstrarleyfi er nú í vinnslu á vegum MAST.

Yfirlitsmynd af athafnasvæðinu:



Mengunaráhrif fiskeldis lúta alla jafna einkum að streymi næringarefna í viðtaka. Viðtaki fiskeldisstöðvarinnar í Grindavík er sjórinn og er hönnun stöðvar þannig að fiskeldiskerin eru í hæðarþrepum þannig að yfirfall frá einu kerfi flæðir yfir í næsta með því að vatnið er loftað og súrefnisbætt en gruggið fellur frá um botnkerfin. Með þessu er hægt að taka til hliðar grugg úr eldiskerjum. Yfirfall getur því farið um frárennislögn til sjávar. Við hönnun stöðvarinnar var horft til nýjustu þekkingar og tækni varðandi mengun, endurnýtingu vatns og annarra þátta.

Vöktun

1. Innra eftirlit – sjá gæðahandbók
2. Staðbundnar aðstæður sem vöktun nær til eru:
 - a. Útrás frárennislagnar. Þar verður mæld eftirfarandi atriði:
 - i. Efnalosun, total P og total N, a.m.k. einu sinni á ári til að byrja með.
 - ii. TOC, COD eða BOD₅ í frárennsli mælt einu sinni á ári til að byrja með.
 - iii. Hitastigsbreyting við útrás og sýrustig, mælt 6x á ári.
 - iv. Myndir við útrás teknar 6x á ári til að meta myndrænt hvort sýnileg mengun er við útrás.
 - v. Við útrás er metið 6x á ári hvort óæskileg lykt sé til staðar.
 - b. Borholur fyrir sjóblandað vatn. Þar verður amk. 3 mán fresti mæld staða í borholum, hitastig og selta.
 - c. Almenn loftgæði við eldisstöðina. Með því að farga öllum lífrænum úrgangi um leið og hann fellur til er verið að draga loftmengun.
3. Öll sýni sem tekin eru og greina þarf eru send til Sýni ehf til mælinga. Sýnatökuílát eru fengin hjá Sýni ehf og er farið eftir þeirra verklagsreglum varðandi sýnatöku og meðhöndlun sýna.
4. Sérstök vöktun er við útrás og fylgst með því hvort frárennsli hafi áhrif t.d. hvað mengandi atriði sem tilgreind eru í starfsleyfi, þörungavöxt eða dýralíf. Frekari lýsing á sýnatökustað verður sett fram í vöktunaráætlun þegar framkvæmdum við frárennislögn er lokið.
5. Skráning og skýrslugerð verður skjöluð þannig að eftirlitsaðilar hafa ávallt fullan aðgang að þeim.

Endurskoðun

Vöktunaráætlun og gæðahandbók verða endurskoðuð þegar starfsemi Matorku hefst í Grindavík. Ekki er talin ástæða að endurskoðun þurfi eigi sér stað fyrr.